



2. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar fimmtudaginn 19. júlí 2006, kl. 12:00

Formaður bæjarráðs, Héðinn Sigurðsson, setti fund og stjórnaði honum.
Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Ráðningarsamningur bæjarstjóra.
2. Kosning:
 - a. Stjórn Héraðsbókasafns.
 - b. Stjórn Félagsheimilis.
3. Trúnaðarmál.
4. Staða framkvæmda.
5. Húsnæðismál - leiguíbúðir.
6. Jafnréttismál.
7. Erindi frá Þór Jakobssyni.
8. Bréf frá Styrktarsjóði EBÍ.
9. Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.
10. Umsókn um veitingaleyfi.
11. Starfsmannamál.
12. Fundargerðir.
 - a. Aðalfundur Brunavarna A-Hún.
 - b. Aðalfundur Félagsþjónustu A-Hún.
 - c. Héraðsnefndar A-Hún.
13. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. **Ráðningarsamningur bæjarstjóra.**

Bæjarstjóri vék af fundi.
Formaður bæjarráðs, Héðinn Sigurðsson, kynnti ráðningarsamning við Jónu Fanneyju Friðriksdóttir, þar sem kveðið er á um launakjör, réttindi og skyldur bæjarstjóra. Tillaga kom um að fela formanni bæjarráðs að undirrita samning við bæjarstjóra. Fundurinn samþykkti það með 2 atkvæðum. Einn sat hjá.
2. **Kosning:**
 - a. **Stjórn Héraðsbókasafns.**

Tillögur komu um eftirfarandi aðila í stjórn f.h. Blönduóssbæjar:
- *Stefanía Garðarsdóttir*
- *Hlíf Sigurðardóttir*

Samþykkt samhljóða.
 - b. **Stjórn Félagsheimilis.**

Þessum lið frestað til auka-aðalfundar Félagsheimilisins.
3. **Trúnaðarmál.**

Bókað í trúnaðarbók.
4. **Staða framkvæmda - Tæknideild.**

Lagt fram minnisblað frá tæknideild yfir stöðu verkefna.



- Sparkvöllur er í vinnslu og áætlað er að gervigras verði lagt á völlinn um miðjan ágúst í samvinnu við KSÍ.

- Heimila þarf aukafjárveitingu í plan við verslunarmiðstöð og Félagsheimili, Húabraut. Annars vegar er um að ræða kaldavatnslögn og hins vegar er þörf á að leggja nýja frárennislögn frá Félagsheimili og út í brunn. Bæjarráð samþykkir hækkun á fjárhagsáætlun sem nemur fyrirbyggjandi kostnaðaráætlunum og gert verði ráð fyrir þessum lið við endurskoðun á áætlun. Áætlanir gera ráð fyrir að planið verði malbikað um miðjan ágúst.

- Bæjarráð samþykkir að farið verði í framkvæmdir vegna bílastæðamála við íþrótt- og grunnskólamannvirki, sbr. kostnaðaráætlun og fyrirbyggjandi teikningar.

- Samþykkt að malbikunarframkvæmdum við Árbraut verði frestað í ár, þar sem ekki er búið að ljúka hönnunarvinnu.

- Bæjarráð felur tæknideild að ljúka umhverfisátaki í fjarlægingu bílhræja fyrir sumarlok.

5. Húsnæðismál - leiguíbúðir.

Lagður fram listi yfir umsóknir. Bæjarráð samþykkir þær úthlutanir sem lagðar eru til, dagsettar í skjali 19. júlí 2006. Bæjarstjóra falið að vinna að verklagsreglum varðandi úthlutanir og leggja fyrir bæjarráð.

6. Jafnréttismál.

Fram lagður kynningarbæklingur frá félagsmálaráðuneyti og Jafnréttisstofu þar sem minnt er á námskeið sem fram fer í haust ásamt ýmsum gögnum til kynningar. Jafnframt lögð fram til kynningar jafnréttisáætlun Blönduóssbæjar sem samþykkt var af bæjarstjórn þ. 24. júní 2003.

7. Erindi frá Þór Jakobssyni.

Erindið er sent inn f.h. undirbúningshóps um afsteypu af styttni "Veðurspámanninum" eftir Ásmund Sveinsson. Bæjarstjórn hefur áður fjallað um málið og er ætlunin að styttnan verði reist til heiðurs Grími Gíslasyni, heiðursborgara. Greint frá því að afsteypan sé komin til landsins og að velja þurfi listaverkinu stað í bæjarfélaginu. Bæjarráð felur menningar- og fegrunarnefnd að eiga fund með fulltrúum undirbúningshóps og að komið verði með tillögur að staðsetningu fyrir styttuna.

8. Bréf frá Styrktarsjóði EBÍ.

Bréfið er dags. 27. júní 2006 og er til kynningar á sjóðnum. Jafnframt er sveitarfélaginu boðið að senda inn umsókn um stuðning við verkefni sem falla undir reglur sjóðsins. Bæjarstjóra falið að vinna að málinu.

9. Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.

Bókað í trúnaðarbók.

10. Umsókn um veitingaleyfi.

Sýslumaðurinn á Blönduósi óskar umsagnar bæjaryfirvalda vegna umsóknar Olíufélagsins ehf., þar sem sótt eru um leyfi til að reka veitingastofu/greiðasölu í Essó Skálanum v. Norðurlandsveg.

Bæjarráð veitir jákvæða umsögn vegna umsóknar Olíufélagsins.



11. Starfsmannamál

- *Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs hefur lokið störfum hjá Blönduósbæ og gerður hefur verið starfslokasamningur við hana. Bæjarráð þakkar Ólöfu Pálmadóttur vel unnin störf hjá sveitarfélaginu sl. 15 ár og óskar henni velfarnaðar á nýjum vettvangi. Bæjarstjóra falið að auglýsa starf fjármálastjóra laust til umsóknar.*
- *Í tengslum við sölu hitaveitu er ljóst að verkefnum hefur fækkað á skrifstofu og samþykkir bæjarráð því að starf í móttöku/ritara verði lagt niður. Verkefni sem áður heyrðu móttöku/ritara verði falin þeim starfsmönnum sem fyrir eru á bæjarskrifstofu.*

12. Fundargerðir:

a. Aðalfundur Brunavarna A-Hún.

Fundargerðin er frá 5. júlí sl. Varðandi 7 lið fundargerðarinnar er samþykkt að hækka fjárhagsáætlun vegna launakostnaðar sem nemur hlut Blönduóssbæjar.

b. Aðalfundur Félagsþjónustu A-Hún.

Fundargerðin er frá 5. júlí sl. og er lögð fram til kynningar.

c. Héraðsnefndar A-Hún.

Fundargerðin er frá 5. júlí sl. Varðandi lið 6 í fundargerðinni samþykkir bæjarráð hækkan á fjárhagsáætlun sem nemur hlut Blönduóssbæjar.

Umræður urðu um lið 5 í fundargerðinni, kynningu á sorpsamlaginu Norðursorp bs., þar sem ljóst er að fara þarf að taka ákvarðanir varðandi urðunarsvæði Blönduóssbæjar. Því óskar bæjarráð eftir eftirfarandi upplýsingum frá stjórn samlagsins:

- *Hver er heildarkostnaður verkefnisins frá því að því var hrundið af stað árið 2004?*
- *Hvernig er framkvæmda- og tímaáætlunum háttað, hvenær er ráðgert að verkefnið verði gangsett?*

13. Önnur mál.

a. Bréf frá sjávarútvegsráðuneytinu. *Í bréfi ráðuneytisins dags. 14. júlí 2006 er tilkynnt að fallist hefur verið á tillögur um úthlutunarreglur sem settar voru af bæjarstjórn Blönduóssbæjar þ. 11. júlí sl. Hjálagt fylgir afrit af auglýsingu um staðfestingu reglnanna.*

Bæjarráð felur bæjarstjóra að kynna nýjar reglur um úthlutun aflaheimilda og auglýsa eftir umsóknum.

b. Menningarmál.

Hafíssetur. *Bæjaryfirvöld þakka öllum þeim sem komu að uppbyggingu Hafísseturs á Blönduósi fyrir glæsilega og vandaða sýningu í Hillebrandtshúsi. Ákveðið hefur verið að kaupa veflistaverkið, Straum, eftir Auði Vésteinsdóttur til að prýða setrið, enda rúmist það innan fjárhagsáætlunar Hafísseturs. Menningar- og fegrunarnefnd mun taka við verkinu f.h. Blönduóssbæjar nú í ágúst.*



Húnavaka 2006. *Fjölskylduhátíðin þótti takast einstaklega vel og eru öllum þeim sem að skipulagningu og framkvæmd hátíðarinnar komu færðar þakkir fyrir gott starf.*

*Fundargerð upplesin og samþykkt.
Héðinn Sigurðsson (sign.)
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)
Ágúst Þór Bragason (sign.)*

*Fundi slitið kl. 14 :20
Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)*

*Áheyrnarfulltrúi:
Valdimar Guðmansson (sign.)*